STJÓRNARTÍÐINDI B 17 — 1974

17. maí 1974. 169 Nr. 103.

REGLUGERÐ
um innflutningsgjald af bifreiðum og bifhjólum.

1. gr.

Við tollafgreiðslu skal innheimt sérstakt innflutningsgjald af bifreiðum, skv. heimild í 16. gr. laga nr. 4/1960. Gjald þetta skal innheimt af öllum bifreiðum, að undanskildum bifreiðum í eftirtöldum tollskrárnúmerum:

87.02.31	sjúkrabifreiðar og snjóbifreiðar.
87.02.32	snjósleðar.
87.02.38	sjúkrabifreiðar, sem jafnframt eru ætlaðar til sérstakra annarra nota.
87.03.01	slökkviliðsbifreiðar.
87.03.02	snjóplógar.
87.03.09	aðrar bifreiðar til sérstakrar notkunar.

Sams konar gjald skal innheimt af bifhjólum.

2. gr.

Gjaldið af gjaldskyldum bifreiðum er ákveðið 35% af tollverði (cif-verði), sbr. ákvæði II. kafla tollskrárlaga nr. 6/1974. Þó skal einungis innheimta 20% gjald af tollverði dráttarbifreiða í tollskrárnúmeri 87.01.20, almenningsbifreiða í tollskrárnúmeri 87.02.20 og vörubifreiða að burðarmagni 6 tonn og þar yfir í tollskrárnúmerum 87.02.33 og 87.02.34.

Um ákvörðun tollverðs notaðra bifreiða skal í þessu sambandi farið eftir auglýsingu nr. 15/1974 um tollverð notaðra bifreiða.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 16. gr., sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960 um efnahagsmál til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi numin reglugerð nr. 257/1973 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 17. maí 1974.

F. h. r.
Jón Sigurðsson.

Björn Hafsteinsson.

Stjórnartíðindi B 17, nr. 103. Útgáfudagur 20. maí 1974.

B 22

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.